



Alþingi  
Erindi nr. P 128/62  
komudagur 15.11.2002

## SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Samgöngunefnd Alþingis  
b.t. Ágúst Geirs Ágústssonar  
Austurstræti 8-10  
150 REYKJAVÍK

Reykjavík 13. nóvember 2002

Sam 393/2002 PS/sp  
Tilv.: 215,0

### Efni: Umsögn um frumvarp til laga um skráningu skipa

Á fundi stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga 6. nóvember, var lagt fram bréf samgöngunefndar Alþingis, dags. 30. október 2002, þar sem óskað er umsagnar um frumvarp til laga um skráningu skipa, 157. mál, þurrleiguskráning fiskiskipa.

Stjórnin tekur undir álit stjórnar Hafnasambands sveitarfélaga frá 8. febrúar sl. þar sem stjórn hafnasambandsins leggur áherslu á að ákvæði um uppgjör skulda gagnvart hafnarsjóðum verði sett inn í frumvarpið; nauðsynlegt sé að tryggja að breytt skráning skipa leiði ekki til lakari réttar hafnarsjóða en þeir hafa samkvæmt hafnalögum.

Virðingarfyllt  
SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Þórður Skúlason  
framkvæmdastjóri